
Fundargerð



ÍSLENSKI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins, haldinn þriðjudaginn
21. maí 2024, kl. 16:00 í Landsbankanum hf., Reykjastræti 6,
101 Reykjavík.

Atli Atlason, formaður stjórnar sjóðsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Jóhönnu K. Claessen lögmann í starf fundarstjóra og var það samþykkt án athugasemda. Jóhanna tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið og tilnefndi Gústav Gústavsson sem fundarritara og var það samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri kannaði næst lögmati fundarins. Samkvæmt samþykktum sjóðsins, sbr. gr. 6.1., skal stjórn boða til ársfundar með sannanlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Morgunblaðinu 27. apríl 2024 og á vef Íslenska lífeyrissjóðsins þann 26. apríl 2024. Fundarstjóri lýsti því yfir að um eðlilega og lögmæta boðun væri að ræða, engar athugasemdir komu úr sal og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktu.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur má

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Atla Atlasyni, formanni stjórnar, orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Hann bauð sjóðfélaga velkomna og þakkaði þeim fyrir að mæta á fundinn. Ræða hans fer hér á eftir:

„Ágætu sjóðfélagar!

Íslenski lífeyrissjóðurinn hélt áfram að vaxa og sjóðfélögum að fjölga á árinu og rekstur gekk nokkuð vel. Þó endurspeglaði ávöxtun sjóðsdeilda ávöxtun á verðbréfamörkuðum sem voru nokkuð þungir framan af ári en tóku svo við sér í árslok. Hrein eign til greiðslu lífeyris var 160 ma.kr. í lok árs 2023 og hafði hækkað um 21,3 ma.kr. á árinu. Sjóðurinn hefur vaxið mikið síðustu ár eða um 14,8% á ári að jafnaði síðastliðin 5 ár. Í þessu samhengi má minna á að Íslenski lífeyrissjóðurinn byggir ekki á skylduáðild en sjóðurinn er opinn hverjum þeim sem ekki er bundinn af ákvæðum kjarasamninga um aðild að tilteknum lífeyrissjóði.

Eins og áður segir þá gekk rekstur Íslenska lífeyrissjóðsins nokkuð vel á árinu 2023. Sjóðfélögum hélt áfram að fjölga og í lok árs áttu um 49.500 einstaklingar réttindi í sjóðnum. Virkir sjóðfélagar í árslok 2023, þ.e. einstaklingar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins á mánuði, voru 23.420 samanborið við 21.893 á árinu 2022 sem samsvarar um 7% fjölgun á milli ára. Fjöldi virkra lífeyrisþega var 1.181 talsins á árinu 2023 samanborið við 969 á árinu 2022. Nafnávöxtun ávöxtunarleiða sjóðsins var á bilinu 5,3% til 7,8% á árinu en verðbólga var um 8,0%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar allra leiða var því neikvæð um -0,8%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. þrjú ár er neikvæð um 3,44% en jákvæð um 1,4% sl. fimm ár og 2,9% sl. tíu ár. Ávöxtun sjóðsins á síðasta ári var eins og áður segir í takt við þróun á mörkuðum en engu að síður veldur þessi niðurstaða áhyggjum þar sem raunávöxtun hefur lækkað umtalsvert sl. tvö rekstrarár.

Óveruleg breyting var á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins á milli árana 2022 og 2023. Tryggingafræðileg úttekt sjóðsins vegna ársins 2023 var sem fyrr unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi. Samkvæmt útreikningum hans eru heildareignir samtryggingadeildar 5,1% lægri en heildarskuldbindingar deildarinnar. Áfallin staða er neikvæð um 5.597 m.kr. eða sem nemur -12,5% af áfallinni skuldbindingu. Framtíðarskuldbinding er um 91 m.kr. lægri en eignir eða sem nemur 0,1%. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, má munur á milli

eignarliða og lífeyrisskuldbindinga ekki vera meiri en 10%. Sama gildir ef munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Þórir Óskarsson tryggingastærðfræðingur og stjórnarmaður fer nánar yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins hér á eftir.

Eins og kunnugt er hefur allri starfsemi Íslenska lífeyrissjóðsins hingað til verið útvistað til Landsbankans hf. á grundvelli rekstrarsamnings. Í janúar sl. var undirritaður nýr rekstrarsamningur á milli Íslenska lífeyrissjóðsins og Landsbankans hf. en að frumkvæði Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands var framkvæmdastjóri gerður að starfsmanni sjóðsins en hafði fram að því verið starfsmaður Landsbankans. Náið samstarf sjóðsins og bankans hefur verið farsælt og fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn er mikilvægt að hafa aðgang að sérfræðipækkingu og innviðum Landsbankans við rekstur sjóðsins. Sjálfstæði sjóðsins er þó alltaf í forgrunni og hefur núverandi stjórn verið meðvitund um mögulega hagsmunaárekstra milli sjóðsins og bankans. Meginsjónarmið stjórnar er að tryggja hagsmuni sjóðfélaganna frá degi til dags. Tilfærsla framkvæmdastjóra frá Landsbankanum til lífeyrissjóðsins styrkir að mínu mati sjálfstæði sjóðsins og rekstrarumhverfi hans enn frekar.

Stjórnin hélt 12 formlega stjórnarfundum á liðnu starfsári auk stefnumótunarfundar stjórnar og ársfundar sem haldinn var í maí. Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins er stjórn sjóðsins skipuð fimm einstaklingum, öllum kosnum af sjóðfélögum sjóðsins. Í varastjórn eru tveir einstaklingar. Í lok ársfundar 2023 voru aðalmenn í stjórn sjóðsins, auk mín, þau Snorri Ómarsson, Þórir Óskarsson, Erla Ósk Ásgeirsdóttir og Una Eypórsdóttir. Varamenn voru Guðríður Sigurðardóttir og Valur Ægisson. Sérstök endurskoðunarnefnd starfar hjá sjóðnum og er hlutverk hennar m.a. að sinna eftirliti með endurskoðun ársreiknings sjóðsins og að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila. Nefndin skilar skýrslu um sín verkefni til stjórnar en fundir endurskoðunarnefndar voru sex talsins vegna starfsársins 2023.

Á árinu var tekin sú ákvörðun af stjórn að bjóða út endurskoðun sjóðsins og var endurskoðunarnefnd falið að fara yfir innsend tilboð og gera tillögu til stjórnar um endurskoðendur út frá útboðinu. Skemmst er frá því að segja að útboðið leiddi til þess að lagt verður til við fundinn að KPMG sjái um endurskoðun þessa árs í stað Bakers Tilly endurskoðenda sem hafa séð um endurskoðun ársreikninga sjóðsins undanfarin 8 ár. Baker Tilly er þakkað fyrir

samstarfið á liðnum árum. Endurskoðunarnefnd skipa Þórir Óskarsson stjórnarmaður, Una Eyþórsdóttir stjórnarmaður og Örn Þorbergsson endurskoðandi og er Þórir formaður nefndarinnar. Örn hyggst ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu og mun stjórn því skipa eftirmann hans á næstu vikum. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka Erni kærlega fyrir samstarfið á liðnum árum.

Á árinu 2020 ákvað stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins að stofna aðra undirnefnd stjórnar, svonefnt fjárfestingaráð, en samkvæmt starfsreglum fjárfestingaráðs er meginhlutverk ráðsins að fylgjast með fjárfestingum sjóðsins og gæta hagsmuna hans gagnvart þeim aðila sem falið er að annast eignastýringu fyrir sjóðinn. Fjárfestingaráð skipa þau Snorri Ómarsson og Erla Ósk Ásgeirsdóttir stjórnarmenn auk Vals Ægissonar varastjórnarmanns. Formaður er Snorri Ómarsson. Fjárfestingaráð hélt fjóra fundi á árinu 2023.

Um síðustu mánaðarmót sagði Erla Ósk Ásgeirsdóttir af sér sem stjórnarmaður vegna mikilla anna. Erla hefur setið í stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins um árabíl eða allt frá árinu 2012 og var hún síðast kosin til þriggja ára á aðalfundi sjóðsins á síðasta ári. Vegna þessa verður nú kosið um laust sæti stjórnarmanns til tveggja ára samhliða kosningu stjórnarmanns til þriggja ára. Erla hefur reynst öflugur og mikilvægur stjórnarmaður og vil ég nota þetta tækifæri og þakka henni kærlega fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Ég vil enn fremur nota þetta tækifæri til að þakka öðrum stjórnar- og nefndarmönnum fyrir samstarfið á liðnu ári.

Eins og áður segir verður kosið um tvo aðalmenn á þessum aðalfundi, einn til þriggja ára og einn til tveggja ára. Vegna núverandi kynjasamsetningar stjórnar og reglna um kynjahlutföll eru aðeins konur sem geta náð kjöri að þessu sinni. Í framboði til aðalmanns til þriggja ára er Una Eyþórsdóttir stjórnarmaður. Í framboði til aðalmanns til tveggja ára er Kristín Hrefna Halldórsdóttir. Framboðsfrestur aðalmanns er viku fyrir ársfund og þar sem ekki bárust fleiri framboð er ljóst að sjálfkjörið verður í aðalstjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins telur edlilegt að stjórnarlaun hækki almennt samhliða þróun launavísitölu og leggur því til að stjórnarlaun verði hækkuð úr 136 þúsund kr. í 147 þúsund kr. á mánuði í takt við almenna launaþróun síðasta árs.

Ágætu sjóðfélagar, ég hef hér farið yfir helstu þætti í starfsemi stjórnar á árinu 2023. Framkvæmdastjóri sjóðsins og sjóðstjóri munu hér á eftir fara yfir rekstur sjóðsins árið 2023 og fjárfestingarstefnu fyrir árið 2024 ásamt nánara yfirliti um ávöxtun einstakra leiða. Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem hafa starfað með okkur í stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóra, áhættustjóra, forstöðumanni stýringa eigna og hans teymi, deildarstjóra bakvinnslu og bókhalds og öðrum sem komið hafa að rekstri sjóðsins, fyrir vel unnin störf í þágu hans.

Takk fyrir.“

2. Kynning á ársreikningi

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2023. Ólafur sagði að ársreikningurinn hefði verið áritaður af óháðum endurskoðanda þann 24. apríl 2024. Framkvæmdastjóri fór yfir yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Hann fjallaði einnig um vöxt deilda og sögulega raunávöxtun deilda og skiptingu eigna eftir gjaldmiðlum. Í umfjöllun hans fór hann einn-

ig yfir þætti er snúa að umhverfis- og félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Í stefnu sjóðsins um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar væri lögð áhersla á virka upplýsingagjöf um starfsemi og eignasafns sjóðsins, m.a. um sjálfbærni og fjárhagsupplýsingar.

Að lokum fjallaði Ólafur um sögulega þróun á eignasafni sjóðsins út frá einkunnagjöf greiningaraðilanna Reitun og MSCI ESG Fund Rating.

3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Ólafur Frímánn Gunnarsson forstöðumaður Eignastýringar hjá Landsbréfum, gerði þessu næst grein fyrir fjárfestingarstefnu Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2024. Fjárfestingarstefna ársins 2024 var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 30. nóvember 2023. Fram kom hjá Ólafi að stefnan væri mótuð út frá stöðu sjóðsins, aldri sjóðfélaga, markmiðum og áhættuþoli. Þá væri stór hluti eigna sjóðsins í séreignardeildum en sjóðfélagar gætu flutt inneign sína á milli ávöxtunarleidda og til annarra vörsluaðila. Þá geti sjóðfélagar tekið út frjálsa séreign í eingreiðslu frá 60 ára aldri en 22% af frjálsri séreign er í eigu sjóðfélaga 60 ára og eldri. Af þessum sökum þarf stórt hlutfall eigna að vera í seljanlegum eignum. Ólafur fór yfir vægi eignaflokka í fjárfestingarstefnunni. Fram kom að smávægilegar breytingar hefðu verið gerðar á fjárfestingarstefnu á milli ára. Þannig hefði hlutfall í innlendum og erlendum skuldabréfum verið lækkað og hlutfall í innlendum og erlendum sérhæfðum fjárfestingum verið hækkað.

Ólafur fór einnig yfir þróun markaða á árinu 2023. Fram kom að stýrivextir Seðlabanka Íslands hefðu staðið í 6,0% í byrjun árs og að Seðlabankinn hefði hækkaði vexti 4 sinnum yfir árið og þeir endað í 9,25%. Þá hefði verðbólgan náð hámarki í febrúar þegar hún var 10,2% en lækkað þegar leið á árið og endað í 7,7%. Þá kom fram að skuldabréfavísitala kauphallarinnar hefði hækkað um 3,96% á árinu og vísitala verðtryggðra ríkisskuldabréfa hækkað um 3,33% á meðan óverðtryggð vísitalan hefði hækkað um 4,42%. Í umfjöllun Ólafs Frímánn kom fram að ávöxtun innlendra hlutabréfa hefði endurspeglad markaðsaðstæður og verið misjöfn á árinu. Þannig hefðu jafn mörg félög, eða 13 talsins, hækkað og lækkað og var rúmlega 75% munur á Sýn sem lækkaði mest og Amaroq sem hækkaði mest. Fram kom að heildarvísitalan hefði lækkað um 3,0%. Þá hefðu þrjú ný félög verið skráð á aðalmarkaðinn, þ.e. Ísfélagið sem hefði verið nýskráð beint á aðalmarkaðinn, en tvö félög hefðu komið af First North markaðinum, þ.e. Amaroq og Kaldalón.

4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun

Þórir Óskarsson, tryggingastærðfræðingur og stjórnarmaður, gerði því næst grein fyrir tryggingafræðilegri athugun á samtryggingardeild sjóðsins á árinu 2023 og forsendum hennar. Þórir rifjaði upp að helstu forsendur útreikninga væru ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneytið hefði gefið út og væri nr. 391/1998. Fram kom að tryggingafræðingi væri þó heimilt að víkja frá staðalforsendum ef aðrar forsendur ættu betur við í viðkomandi sjóði. Þá væru mikilvægustu forsendurnar um vexti og lífs- og örorkulíkur. Í tryggingafræðilegri athugun í lok árs 2023 kom fram að tryggingafræðileg staða væri neikvæð um 5,1%, þ.e. eignaliðir voru lægri en heildarskuldbindingar sjóðsins en til samanburðar var tryggingafræðileg staða í lok árs 2022 neikvæð um 4,9%. Hallinn í árslok 2023 væri fyrsta ár sem halli fer yfir -5,0% en skv. reglum mætti halli ekki vera umfram -5,0% í fimm ár í röð. Fram kom að umtalsverður halli væri á áfallinni stöðu, þó aðeins minni en síðasta ár og sjóðurinn gæti haft töluverðan tíma til að jafna þá stöðu. Lífeyrisgreiðslur ársins hefðu numið aðeins 300 m.kr., svo skerðing hefði takmörkuð áhrif hvað varðaði útgreiðslur næstu ár. Þá væri staða á réttindaöflun í góðu jafnvægi miðað

við þær forsendur sem reiknað væri eftir. Sjóðurinn væri í miklum vexti, sem veitti nokkra vernd gegn sveiflum í ávöxtun. Eins og áður sagði væri ekki skylt að bregðast við halla nú.

Að lokinni yfirferð yfir fjóra fyrstu liði fundarins gaf fundarstjóri orðið laust. Árni Tómasson sjóðfélagi bað um orðið. Árni gerði rekstrarkostnað sjóðsins að umtalsefni en hann hefði hækkaði mikið á milli ára þrátt fyrir slaka ávöxtun. Þá spurði hann hvers vegna árangurstenging væri greidd til rekstraraðilans Landsbankans fyrir stýringu eigna sjóðsins þegar ávöxtun væri neikvæð. Þá spurði Árni um hlutfall rekstrarkostnaðar Íslenska lífeyrissjóðsins í samanburði við aðra sambærilega sjóði. Að lokum spurði Árni um samspil vaxtabreytinga Seðlabanka Íslands og stýringar á eignum lífeyrissjóðsins.

Ólafur Páll Gunnarsson framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins sté í pontu og svaraði fyrstu tveimur spurningum Árna. Hvað rekstrarkostnað Íslenska lífeyrissjóðsins varðaði þá benti Ólafur Páll á að stór hluti kostnaðarinnar væri fastur kostnaður sem helgaðist af þóknun sjóðsins til rekstraraðilans. Við fasta rekstrarþóknun bættist svo árangursþóknun

sem tæki mið af tilteknu viðmiði sem væri skilgreint í fjárfestingarstefnu. Þá kom fram að árangursþóknunin hefði tiltekið hámark sem miðaðist við 0,10% af stærð sjóðsins. Árangur við stýringu sjóðsins á árinu 2023 hefði verið betri en viðmið og vel það þar sem hún fór upp að áðurnefndu hámarki. Árangursþóknun vegna ársins 2023 hefði numið um 150 m.kr. Fram kom hjá Ólafi Páli að árangursþóknun tæki eingöngu mið af viðmiði en ekki því hvort ávöxtun væri jákvæð eða neikvæð. Hvort eðlilegt væri að greiða árangursþóknun við þær aðstæður sem voru á árinu 2023 þar sem raunávöxtun sjóðsins var neikvæð mætti ræða. Fram kom að engin árangursþóknun hefði verið greidd vegna ársins 2022 og skýrði það hækkun rekstrarkostnaðar á milli árána 2022 og 2023.

Ólafur Frímánn Gunnarsson forstöðumaður eignastýringar hjá Landsbréfum tók næstur til máls. Fram kom hjá honum að gera mætti ráð fyrir að vaxtastig myndi haldast hærra lengur en talið var í upphafi árs. Meðalvextir (ávöxtunarkrafa) safnsins er því að skila fínri ávöxtun á tímabilinu auk þess að markaðsverð færi líklega hækkandi þegar vaxtastig kæmi niður á næstu misserum.

Atli Atlason formaður stjórnar Íslenska lífeyris-sjóðsins tók næst til máls. Fram kom hjá Atla að ákvæði í rekstrarsamningi um árangurstengingu byggði á gömlum grunni. Samningurinn væri hins vegar stöðugt í endurskoðun og stjórnin vakandi fyrir því að halda kostnaði í lágmarki og í takti við rekstrarkostnað annarra sambærilegra lífeyrissjóða. Nýlega hefði verið gerð breyting á samningnum þar sem framkvæmdastjóri væri nú orðinn starfsmaður sjóðsins en ekki Landsbankans.

Guðrún Elsa Gunnarsdóttir sjóðfélagi tók næst til máls og spurði hvort kostnaðarhlutfall sjóðsins yrði endurskoðað vegna ársins 2024. Atli Atlason svaraði því til að rekstrarsamningur milli sjóðsins og rekstraradilans væri stöðugt í endurskoðun.

Kristín Rafnar sjóðfélagi tók næst til máls og spurði til hve langs tíma væri samið í senn við rekstraradilann. Þá spurði hún hvort samningurinn væri uppsegjanlegur. Ólafur Páll svaraði því til að samningurinn væri ótímabundinn en samkvæmt uppsagnarákvæði gæti hvor aðili sagt samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara miðað við áramót.

5. Kosning í stjórn

Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag kosninga til stjórnar. Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyris-sjóðsins er stjórn sjóðsins skipuð fimm mönnum og eru allir stjórnarmenn kosnir af sjóðfélögum. Fram kom að Erla Ósk Ásgeirsdóttir stjórnarmaður hefði sagt af sér sem stjórnarmaður um síðustu mánaðarmót. Erla var kosin aðalmaður á síðasta ársfundi til þriggja ára. Að þessu sinni yrðu því kosnir tveir

aðalmenn, einn til þriggja ára og einn til tveggja ára. Framboðsfrestur rann út viku fyrir fund. Kjörtímabili eins núverandi stjórnarmanna lýkur á þessum ársfundi, það er Unu Eypórsdóttur. Hún hefur tilkynnt framboð og býður sig fram til þriggja ára. Þá hefur Kristín Hrefna Halldórsdóttir boðið sig fram sem aðalmaður til tveggja ára. Þar sem þær eru einar í framboði eru þær sjálfkjörnar.

6. Kosning endurskoðanda

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins lagði til, að fenginni tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins, að endurskoðandi sjóðsins árið 2024 verði kjörin KPMG, Borgartúni 27. Ekki var gerð athugasemd af fundarmönnum.

Fundarmenn samþykktu tillögu stjórnar og lýsti fundarstjóri KPMG, Borgartúni 27 því réttkjörin endurskoðanda Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2024.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Tillögur til breytinga á samþykktum þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti tveimur vikum fyrir ársfund. Engar tillögur bárust.

8. Laun stjórnarmanna

Gerð var grein fyrir tillögu að launum stjórnar. Hljóðar hún svo:

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til að stjórnar-laun verði 147.000 krónur á mánuði, tvöfalt fyrir stjórnarformann og ein og hálf stjórnarlaun fyrir varaformann. Varamenn fá greiddar 64.000 krónur fyrir hvern setinn stjórnarfund auk 84.000 króna til viðbótar fyrir hvern fund sem þeir eru boðaðir á í forföllum stjórnarmanns. Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærrí en sem svarar til launa stjórnarmanna.

Stjórn leggur til að laun fyrir endurskoðunarnefnd og fjárfestingaráð verði sem hér segir:

Laun nefndarmanna (ráðsmanna) verði 73.000 krónur fyrir hvern setinn fund.

Laun formanna verði 109.000 krónur fyrir hvern setinn fund.

Tillagan felur í sér 8,3% hækkun sem er í takt við hækkun á launavísitölu.

Fundarstjóri gaf orðið laust undir þessum lið. Enginn kvað sér máls. Tillagan var samþykkt samhljóma af fundarmönnum.

9. Önnur mál

Fundarstjóri kvað orðið laust. Erla Ósk Ásgeirsdóttir fráfarandi stjórnarmaður bað um orðið. Fram kom hjá Erlu Ósk að hún hefði verið stjórnarmaður frá árinu 2012. Þetta hefði verið afar áhugaverður tími, bæði skemmtilegur og krefjandi. Rekstur sjóðsins hefði gegnið vel og stærð hans fjórfaldast á þessum tíma. Þá hefði fjöldi greiðandi sjóðfélaga þrefaldast á sama tíma. Erla Ósk þakkaði stjórn fyrir góðan tíma og samstarfið við bankann og starfsmenn hans. Mörg spennandi verkefni hefðu verið unnin á þessum árum og hún stolt af því starfi sem unnið hefði verið.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð fundar til að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri gaf því stjórnarformanni orðið. Hann þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir samstarfið á árinu og sagði fundi slitið um kl. 17:15

Sjóðfélagar á fundi voru 13 og vægi atkvæða 0,2%.

Þannig fram farið.

Jóhann K. Claessen, fundarstjóri

Gústav Gústavsson, fundarritari